

## Fréttabréf - október 2005

### Iðgjaldayfirlit

Þessu fréttabréfi fylgir yfirlit yfir iðgjöld til samtryggingardeildar fyrir iðgjaldamánuðina janúar – ágúst 2005. Ekki er óeðlilegt að nýjustu mánuði vanti í yfirlitið vegna skráningar og innheimtu skilagreina.

Einnig fylgir yfirlit séreignardeildar fyrir iðgjaldamánuðina janúar – júní 2005 sem sýnir ávöxtun á fyrri hluta ársins.

Ef villur eru í yfirlitunum eða iðgjöld vantar eru sjóðfélagar beðnir að láta skrifstofu sjóðsins vita án tafar, annars er hætt á að réttindi tapist, sbr. lög um Ábyrgðasjóð launa. Hægt er að koma athugasemdum á framfæri með tölvupósti á [lifsverk@lifsverk.is](mailto:lifsverk@lifsverk.is) eða í síma 568 8504.

### Sjóðfélagavefur

Nú hafa um 450 sjóðfélagar fengið úthlutað aðgangsorði á sjóðfélagavefinn á heimasíðu sjóðsins. Á sjóðfélagavefnum er hægt að skoða yfirlit yfir iðgjaldagreiðslur og réttindastöðu í samtryggingardeild og séreign hvenær sem er. Þeir sem hafa ekki fengið aðgang að sjóðfélagavefnum geta sótt um hann á heimasíðu sjóðsins, [www.lifsverk.is](http://www.lifsverk.is), undir liðnum sjóðfélagavefur. Sjóðfélagar fá sent notandanafn og lykilorð í pósti á lögheimili sitt.

### Launagreiðendavefur

Öllum launagreiðendum, sem greiða iðgjöld til sjóðsins, var úthlutað notandanafni á launagreiðendavef sjóðsins í febrúar síðastliðnum. Á launagreiðendavefnum er hægt að senda skilagreinar rafrænt til sjóðsins. Það er gert með tvennum hætti: Annars vegar er hægt að skrá inn skilagreinar og hins vegar er hægt að sækja skrá úr launakerfi og senda til sjóðsins. Þetta sparar mikla vinnu á skrifstofu sjóðsins og gerir skráningu iðgjalda öruggari. Þeir sjóðfélagar sem einnig eru launagreiðendur og skila ekki rafrænt eru hvattir til að gera það. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu sjóðsins og á skrifstofu sjóðsins.

### Samstarf við SPRON um sjóðfélagalán

Lífeyrissjóður verkfræðinga hefur hafið samstarf við Sparisjóð Reykjavíkur og nágreinnis um að SPRON taki að sér allar nýjar lánveitingar til sjóðfélaga. Með þessu samstarfi opnast nýir lánamöguleikar fyrir sjóðfélaga án þess að skert séu núverandi kjör sem sjóðurinn veitir. Sjóðfélagar sem hyggja á lántökur hjá sjóðnum eru beðnir að hafa samband við næsta útibú SPRON. Nánari upplýsingar um lánamöguleika er að finna í bréfi frá SPRON og Lífeyrissjóði verkfræðinga sem fylgir með í þessum pósti. Einnig er að finna upplýsingar á heimasíðu SPRON á [www.spron.is/ly](http://www.spron.is/ly) og hjá þjónustufulltrúa SPRON í síma 550 1200.

Fyrirhugað er frekara samstarf Lífeyrissjóðsins og SPRON um innheimtu skuldabréfa, þ.m.t. eldri sjóðfélagalána. Gert er ráð fyrir að SPRON hefji innheimtu sjóðfélagalána frá næstu áramótum.

Með þessu samstarfi nær lífeyrissjóðurinn í senn að bæta þjónustu við sjóðfélaga, gefa þeim aukið svigrúm í fasteignalánum í kjölfar breytinga á lánamarkaði og að auka hagkvæmni í rekstri sjóðsins.

## Aðalfundur og framhaldsaðalfundur

Aðalfundur sjóðsins var haldinn 29. apríl síðastliðinn á Grand Hótel í Reykjavík. Ari Eiríksson og Birna Pála Kristinsdóttir voru kjörin í stjórn sjóðsins í stað Guðbrands Guðmundssonar og Jónasar Bjarnasonar. Óskar Maríusson var kjörinn varamaður í stað Sigurjóns Sigurjónssonar. Birna Pála er fyrsta konan sem kjörin er í stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga. Stjórn sjóðsins kom saman til fundar strax að loknum aðalfundi og skipti með sér verkum. Sigurður Áss Grétarsson er formaður stjórnar og Björn Z. Ásgrímsson varaformaður. Meðstjórnendur eru Ari Eiríksson, Birna Pála Kristinsdóttir og Þórir Guðmundsson.

Að lokinni kynningu á tillögum stjórnar um breytingar á samþykktum sjóðsins var samþykkt dagskrártillaga um að fresta þeim dagskrárlið til framhaldsaðalfundar sem haldinn var 31. maí. Önnur mál á dagskrá fundarins voru hins vegar afgreidd.

Á framhaldsaðalfundi Lífeyrissjóðs verkfræðinga 31. maí voru samþykktar eftirfarandi tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum sjóðsins:

- Greinar 6.3, 6.4 og 6.6: Breytt ákvæðum um frestun og snemmtöku lífeyris þannig að tímabilið verður framvegis reiknað í mánuðum í stað ára áður.
- Grein 7.1: Áréttað að sjóðfélagi sem hafið hefur töku ellilífeyris á ekki rétt á örorkulífeyri.
- Grein 7.5: Framreikningur vegna örorkulífeyris miðast við 65 ára aldur í stað 67 ára.
- Grein 19.5: Áunnin réttindi eru skert um 5% hjá öllum.
- Grein 21.1: Breytingarnar taka gildi frá og með 1. júlí 2005.

Eftirtaldar tillögur fengu einfaldan meirihluta (meira en helming atkvæða) en ekki aukinn meirihluta (2/3 atkvæða) og náðu því ekki fram að ganga:

- Grein 8.5: Makalífeyrir verður 5 ár eftir fráfall í stað 2. ára áður og endurvakningu eftir 67 ára aldur eftirlifandi maka. Sólarlagsákvæði fyrir þá sem eru nálægt ellilífeyrisaldri. Makalífeyrir vegna barna og örorku breytist ekki.
- Grein 6.10: Réttindi skv. töflum hækka um 11% að meðaltali.

Samþykktir sjóðsins kveða á um að tillögur til breytinga á samþykktum hans þurfi að hljóta 2/3 hluta greiddra atkvæða til að ná fram að ganga eða meira en helming atkvæða á tveimur aðalfundum í röð. Tillögurnar um breytingar á makalífeyri og hækkun ellilífeyris (greinar 8.5 og 6.10) þurfa því aðeins einfaldan meirihluta atkvæða á næsta aðalfundi eða aukaaðalfundi til að ná fram að ganga, verði þær bornar fram að nýju. Stjórn sjóðsins ákvað í kjölfar seinni fundarins í vor að boða ekki til annars aukaaðalfundar á næstunni en taka tillögurnar til frekari athugunar, m.a. í ljósi athugasemda og ábendinga sem fram komu á sjóðfélagafundunum.

Nánari upplýsingar um fundina, fundargögn og fundargerðir, er að finna á heimasíðu sjóðsins.

## Gildistaka breytinga á samþykktum

Þrátt fyrir að tímasetning gildistöku breytinganna hafi verið miðuð við 1. júlí sl. hafa breytingarnar enn ekki tekið gildi. Þær þurfa að hljóta staðfestingu fjármálaráðuneytis að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins, en dráttur hefur orðið á því, m.a. vegna þess að mjög margir lífeyrissjóðir hafa breytt samþykktum sínum á þessu ári. Sjóðirnir eru í ríkum mæli að bregðast við lengingu meðalævi og vaxandi örorkubyrði og margir eru einnig að breyta frá stigakerfi (flöt réttindaávinnsla) yfir í aldurstengda réttindaávinnslu (eins og þá sem Lífeyrissjóður verkfræðinga hefur haft frá upphafi).

Breytingarnar á samþykktum Lífeyrissjóðs verkfræðinga taka því ekki gildi fyrr en eftir að staðfesting fjármálaráðuneytisins er fengin og þá væntanlega um næstu mánaðamót á eftir. Þær munu ekki verða afturvirkar til 1. júlí, þótt sú dagsetning hafi verið samþykkt á sjóðfélagafundi.

12. október 2005

Stefán Halldórsson, framkvæmdastjóri ([stefan@lifsverk.is](mailto:stefan@lifsverk.is))